

Fundur í skólaráði Gleraskóla

Mættir : Helga Halldórsdóttir, Tómas Lárus Vilbergsson, Ágúst Lárusson foreldrafélagi, Berglind Rafnsdóttir hverfisnefnd , Aðalbjörg María Ólafsdóttir, Brynja Sigurðardóttir, Guðný Sigríður Víkingsdóttir, Berglind Halla Þórðardóttir (nemandi).

Boðað var til fundar að beiðni foreldra og hverfisnefndar Glerárhverfis vegna íbúamála í Glerárhverfi og nærumhverfi Glerárskóla.

Fundur hófst á því að Helga skólastjóri fór yfir skipulag desembermánaðar og það sem er í gangi í skólanum í mánuðinum.

Tilfni fundarins rætt en það er m.a. bréf sem hverfisnefnd og foreldrafélag Glerárskóla sendi frá sér til bæjaryfirvalda, lögreglu og stofnana bæjarins.

Ágúst útskýrði málið út frá bréfinu og um hættuna og því umfangi sem komandi íbúum gæti fylgt miðað við fyrri sögur s.s. fíkniefni, ögranir og ofbeldi. Um er að ræða búsetuúrræði í tilteknu húsnæði í Höfðahlíð fyrir skjólstaðinga bæjarins. Einnig greindi hann frá því að hann væri búinn að ræða við bæjaryfirvöld, lögregluna og þær stofnanir sem koma að svona málum og einstaklingum. Vill nefndin beita þrýstingi á bæjaryfirvöld og stofnanir málinu tengd. Skýrt tekið fram að ekki er um persónuleg mál eða þrýsting að ræða heldu á þær aðstæður sem gætu skapast. Nefndin óskar eftir aðkomu skólans að málinu m.a. vegna meintrar hættu sem börn í hverfinu og á leið í skólann gætu lent í.

Ekki fleira rætt og fundi slitið

Tómas Lárus Vilbergsson